



Egilsstaðaskóli

Kennsluáætlun haust 2020

Námsgrein: Íslenska

Árgangur: 3. bekkur

Markmið/Námslýsing

Kennt verður samkvæmt aðferðum í Byrjendalæsi. Í Byrjendalæsi er fjölbreyttur gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni. Öll tæknileg vinna sprettur út frá þeim efniviði sem felst í merkingabærum texta (barnabækur, skáldsögur, ljóð og fræðitextar). Lykilorð úr textanum er nýtt til innlagnar á öllum helstu tæknilegum þáttum lestrarnámsins. Nemendur vinna ýmist einstaklingsverkefni, paraverkefni eða hópverkefni. Gengið er út frá því að námsþörfum allra nemenda sé mætt í almennri kennslu.

Áhersla er lögð á orðaforða, málskilning og lesskilning ásamt því að vekja áhuga nemenda á lestri og fjölbreytileika tungumálsins.

Í kennslu er lagt upp úr sýnikennslu og stuðningi og nemendur læra ný vinnubrögð. Lestrarnámið býður upp á samskipti, hlutbundna vinnu, skapandi hugsun og tjáningu. Íslenska verður samþætt náttúru- og samfélagsfræði.

Lestur og bókmenntir: Nemendur geti lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði og aukið orðaforða, málskilning, lesskilning og leshraða. Nemendur geti valið sér bækur eftir áhugasviði, kunni nokkrar vísur og ljóð og kynnist þekktum íslenskum þjóðsögum, ævintýrum og frásögnum. Kunni að afla sér upplýsinga úr texta og þekki hvað efnisyfirlit og kaflar eru. Geti lesið úr myndrænu efni s.s. kvikmyndum fyrir börn og einföldum skýringarmyndum og kortum.

Geti fundið lykilorð í einföldum texta og endursagt aðalatriði. Nemendur hafi kynnst hugtökunum söguþráður og sögulok og þekki hugtakið sögupersónur.

Ritun: Nemendur læri að draga rétt til stafs. Þjálfist í að endursegja frásagnir eftir upplestri með myndum eða stuttum texta. Fá tækifæri til að skoða og skrifa margvíslega texta, svo sem frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf og geti tjáð hugmyndir sínar og reynslu með stuttum texta. Nemendur kynnist einföldum stafsetningarreglum svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og hafi kynnst reglum um sérhljóð á undan ng og nk. Nemendur kynnist grunnþáttum í byggingu texta, inngang, megingmál og niðurlag. Nemendur kynnist orðabókum og fleiri hjálpargögnum.

Málfræði: Nemendur öðlist jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt. Þjálfist í að nota stafrófið og þekki helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og hafa kynnst málsgreinum. Þekki mun á sérhljóðum og samhljóðum. Nemendur kunni að ríma og hafi öðlast tilfinningu fyrir hrynjandi orða, hafi kynnst mun á samnöfnum og sérnöfnum og samheitum og andheitum. Nemendur hafi kynnst mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.

Talað mál, hlustun og áhorf: Nemendur þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega, kynnist og syngi texta af ýmsum gerðum, endursegi léttar frásagnir, segi frá eigin reynslu og lesi upp eigin sögur fyrir bekkjarfélaga. Nemendur geti hlustað á upplestur. Nemendur tileinki sér þær reglur sem gilda í samræðum og fylgi fyrir mælum.

Vikan:	Námsefni:	Viðfangsefni:	Annað:
23.-24. ágúst			
25.-28. ágúst	Köngulær e. Jón Guðmundsson	Orðaforði, fræðitexti, ritun, lestur, samsett orð, nafnorð	
31.ágúst-4. sept.	Köngulær	Sérnöfn, há- og lágstafir, orðaforði, örnefni í heimabyggð, málsgreinar, ritun, samsett orð, skrift, upplýsingaleit	Göngudagur 2. sept.
7.-11.sept.	Örnefni		Haustþing 18. sept.
14.-18. sept.			
21.-25. sept.	Ákall ljóð e. Jónbjörgu Eyjólfsdóttur	Ljóðalestur, rím, stafróf, sér-, samhljóðar, tvöfaldur samhljóði, vinna með orðabók, samsett orð, semja ljóð	
28.sept-2. okt.	Ástarsaga úr fjöllum e. Guðrúnu Helgadóttur	Lestur, sögupersóna, söguþráður, umhverfi, endursögn samheiti, leikræn tjáning	Vinadagurinn 6. okt.
5.-9. okt.			
12.-16. okt.		Ritun, skrift, lestur	
19.-23. okt.	Gula sendibréfið e. Sigrúnu Eldjárn	Samhljóðasambönd, lýsingarorð, ólíkur tilgangur ritunar, notkun hástafa, setningagerð	Skólapiing 20.
26.- 30. okt.			Vetrarfrí 23. okt. Starfsdagur 26. okt
2.-6. nóv.	Íslensk ljóðskáld	Rím, orðaforði, endursögn, upplestur	Samstarfsdagur 4. nóv.
9.-13. nóv.			
16.-20. nóv.	Aðventan Englaþól e. Guðrúnu Helgadóttur		Dagur ísl. tungu 16.nóv
23.-27. nóv.			
30.nóv. -4. des	Grýlusaga e. Gunnar Karlsson	Ljóðalestur, semja ljóð, rím, stafrófsröð, tvöfaldur samhljóði, greinarmerki, upplestur	Fullveldisdagur
7.-11. des.			
14.-18. des.			Jólaskemmtun 18. des.

Námsmat:

Lykilhæfni: Metin út frá gátlistum. Tjáning og miðlun, skapandi hugsun og frumkvæði, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, mat á eigin námi, metnaður og ábyrgð og samskipti og virðing. Sjálfsmat nemenda á völdum verkefnum.

Námsmat í Egilsstaðaskóla er tvíþætt. Annars vegar er metin lykilhæfni og hins vegar hæfni á námssviði.. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og er ætlað að stuðla að alhliða þroska hans. Hún tengist öllum námssviðum. Eftirfarandi er yfirlit lykilhæfni með megináherslum hvers stigs.

Námshæfni: Hæfni á námssviði er metin með framförum í lestri, ritun og skrift. Lestrar- og lesskilningspróf lögð fyrir reglulega.